

104

20. des.

Deir, sem fá lán samkv. lögum þessum, eru skyldir til að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

7. gr.

8. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

105

21. des.

L Ö G

um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands er heimilt fyrir hönd hins isl. lýðveldis að gerast aðili að stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, samkvæmt tillögum, sem samþykktar voru í júlí 1944 á fundi hinna sameinuðu þjóða og þeirra þjóða, sem með þeim vinna (United and Associated Nations) í Bretton Woods í Bandaríkjunum.

2. gr.

Ráðherra sá, sem hefur á hendi yfirstjórn bankamála landsins, skipar einn mann og annan til vara til 5 ára til að taka sæti í fulltrúaráði gjaldeyrissjóðsins og sömuleiðis einn man og varamann til sama tíma í bankaráð alþjóðabankans.

Þóknun fyrir störf þeirra skal ákveðin af ráðherra.

3. gr.

Til þess að standa straum af framlögum ríkisins til gjaldeyrissjóðsins og alþjóðabankans heimilast ríkisstjórninni að taka innanríkislán, er jafngildi allt að tveim milljónum dollara.

4. gr.

Óheimilt er hönkum landsins, sparisjóðum, bæjar- og sveitarfélögum og opinberum stofnunum að taka lán erlendis, nema með samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, sbr. þó 1. gr. laga nr. 10/1928, um Landsbanka Íslands.

5. gr.

Skyllt er öllum þeim, sem skulda fé í erlendum gjaldeyri, að gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skuldir sínar ársfjórðungslega í því formi, er hún fyrirskipar.

6. gr.

105

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 50 frá 27. júní 1941, um gjaldeyris-
varasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

21. des.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1946.

106

31. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1946 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr.
og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	29 000 000	
2. Stríðsgróðaskattur 6000000		
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 3000000	3 000 000	32 000 000
3. Vörumagnstollur	11 000 000	
4. Verðtollur	35 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni	1 000 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum	1 800 000	48 800 000
7. Fasteignaskattur	600 000	
8. Lestagjald af skipum	100 000	
9. Bifreiðaskattur	1 200 000	1 900 000
10. Aukatekjur	1 100 000	
11. Stimpilgjald	3 000 000	
12. Vitagjald	600 000	
13. Leyfisbréfastgjöld	100 000	
14. Erfðafjárskattur	200 000	
15. Veitingaskattur	800 000	
		5 800 000
Samtals ...	. . .	88 500 000